



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Fjármálaeftirlitið
B.t. Halldóru E. Ólafsdóttur
Höfðatúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. júlí 2012

Efni: Samráð vegna endurskoðunar reglna um ársreikninga lífeyrissjóða, erindi frá Fjármálaeftirlitinu

Með bréfi Fjármálaeftirlitsins (FME), dags. 7. júní s.l., til Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) var gerð grein fyrir því að vinna væri hafin við endurskoðun reglna um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 55/2000, með áorðnum breytingum. Jafnframt var óskað eftir álitum LL á gildandi reglum um ársreikninga lífeyrissjóða og athugasemdir við þær fyrir 10. júlí n.k.

LL fagnar þeirri vinnu sem nú er hafin við endurskoðun reglna um ársreikninga lífeyrissjóða. Reglurnar eru mikilvægar fyrir starfsemi lífeyrissjóða og áriðandi fyrir alla hlutaðeigandi að þær gefi skýra og rétta mynd af stöðu hvers sjóðs. Jafnframt þakka landssamtökin fyrir það að fá kost á að koma sínum sjónarmiðum að við endurskoðun reglnanna.

Í bréfi þessu fylgir yfirlit yfir nokkur efnisatriði sem LL telja rétt að huga að við endurskoðun reglnanna. Þess ber þó að geta að LL hafa ekki haft tækifæri á því að móta formlega afstöðu til endurskoðunar reglnanna á þeim tíma sem gefinn er til fyrstu umsagnar. Meðfylgjandi efnisatriði eru því hugsuð sem innlegg inn í þá vinnu sem nú fer í hönd hjá FME en ekki lokaumsögn.

Auk eftirfarandi ábendinga óska LL eftir því að fá svigrúm til að senda frekari ábendingar/umsögn til FME á komandi hausti, að höfðu samráði við nokkra endurskoðendur lífeyrissjóða. Þá vilja LL nota þetta tækifæri og koma á framfæri ósk um að fá að tilnefna aðila sem komi að þeirri vinnu sem nú fer í hönd. Slík aðild gæti til að mynda falist í tilnefningu fulltrúa LL í starfshóp á vegum FME sem mun vinna að framangreindri endurskoðun, eða öðru á móta samstarfi. Með því telja LL að samtökin geti komið á framfæri með skilvirkum hætti uppbyggilegum ábendingum við endurskoðun reglnanna.

Yfirlit yfir ábendingar vegna endurskoðunar á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000. Ýmiss atriði í reglunum til skoðunar:

1. Í upphafi reglnanna mætti koma fram merking/skilgreining helstu hugtaka sem notuð eru í ársreikningnum t.d. gangvirði, markaðsverðbréf, afleiður ofl.
2. **7. gr. iðgjöld.** Undir lið 1.4 „Sérstök framlög“, mætti tilgreina að framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði fari undir þennan lið.
3. **8. gr. lífeyrir.** Undir lið 2.2 „Umsjónarnefnd eftirlauna“, mætti tilgreina að sleppa mætti þessum lið og fella undir lið 2.1 ef um enga eða óverulega fjárhæð er að ræða.

Í staðinn færi undir lið 2.2. greiðslur úr séreignardeild og undir þeim lið mætti upplýsa sérstaklega ef það á við í viðkomandi lífeyrissjóði, um greiðslur úr séreignardeild vegna tímabundinnar lagaheimildar.

4. **9. gr. fjárfestingartekjur.** Undir lið 3.4. „Tekjur af húseignum og lóðum“; mætti koma skýrar fram ef undir þessum lið skal einnig færa tekjur og gjöld vegna fullnustueigna.

Þá nemur hagnaður eða tap af rekstri húseignar sem lífeyrissjóður notar undir eigin starfsemi yfirleitt óverulegri fjárhæð og því er spurning hvort þyrfti að vera að tilgreina sérstaklega reiknaðar leigutekjur og kostnað vegna eigin húsnæðis.

5. **10. gr. fjárfestingargjöld.** Undir lið 4.5 „Önnur fjárfestingargjöld“ eru lífeyrissjóðir almennt ekki að færa þóknarir verðbréfafyrirtækja vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum, vegna þess að þessar þóknarir endurspeglast í lægra gengi viðkomandi verðbréfasjóða, „net assets value“. Það væri mjög flókið í framkvæmd að færa umsýslu- og laun í sjóðum sérstaklega í bókhaldi, m.a. vega þess að þá gætu lífeyrissjóðirnir ekki stuðst við opinbert gengi þeirra. Lagt er til að það verði felld úr reglum að þóknir vegna umsýslu og stjórnunar sem fjárfestingargjöld en í staðinn verði sjóðum gert skylt að meta kostnaðinn og greina sérstaklega frá honum í skýringu í ársreikningi.
6. **11. gr. rekstrarkostnaður.** Spurning hvort fella megi brott orðin „þ.m.t. reiknaðan leigukostnað af eigin húsnæði“.
7. **13. gr. Önnur gjöld.** Á árinu 2012 hefst skylda lífeyrissjóða að greiða gjald til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Tilgreina þyrfti hvar lífeyrissjóðir eigi að færa lögbundið gjald til VIRK.
8. **17. gr. fjárfestingar.** Liður 2.1 „Húseignir og lóðir,“ er yfirleitt lág fjárhæð í reikningum lífeyrissjóða. Sú spurning hefur vaknað hvort fremur ætti að færa þær undir 19. gr. lið 4.1, „Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir“.

Jafnframt væri hugsandi að fullnustueignir yrðu færðar undir 19. gr. lið 4.3 „Aðrar eignir.“

Undir lið 2.3.5 „Bankainnstæður“ mætti tilgreina þann tíma sem innlán þurfa að vera bundin til að uppfylla þau skilyrði að falla undir þennan lið.

Undir lið 2.3.6 „Aðrar fjárfestingar“ mætti tilgreina hvernig meta á fullnustueignir, þ.e. hvort styðjast eigi við fasteignamat.

9. **49. gr. Fimm ára yfirlit.** Hugmyndir hafa komið fram um að bæta við, s.s.:
 - a. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára.
 - b. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum
 - c. Lífeyrisbyrði þ.e. lífeyrir/iðgjöld.

10. **Sjóðstreymi.** Hafa viðbótarlínur vegna:
 - a. Greiðslur úr séreignardeild.
 - b. Greiðslur úr séreignardeild vegna tímabundinnar lagaheimildar.

Talin er sérstök þörf á að fara nánar yfir uppsetningu og almennan tilgang sjóðsstreymis.

11. **Nánari leiðbeiningar:**
 - a. 1.4. „Afborganir verðbréfa“ (skýra þarf hvort þessi fjárhæð sé með verðbótum á afborganir?)
 - b. 1.5 og 1.6 „Seld verðbréf“: (eru þessar fjárhæðir með sölubókun?)

12. **36. gr. Almenn ákvæði.** Fróðlegt væri að geta séð í ársreikningi með skýrum hætti sundurliðun kostnaðar eftir:
 - a. Ytri endurskoðun
 - b. Innri endurskoðun
 - c. Endurskoðunarnefnd

13. **50. gr. Skýrsla stjórnar.**
 - a. Skýra þarf hvað felst í öðrum greiðslum undir: „heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar og annarra í þjónustu sjóðsins“
 - b. Síðustu málsgrein virðist ofaukið þar sem lögð er áhersla á að þar eigi að koma fram upplýsingar sem annars komi ekki fram í ársreikningi. "Skýrsla stjórnar skal veitaí þjónustu sjóðsins" þar sem allar þessar upplýsingar koma fram í ársreikningi og skýringum hans sbr. síðasta setning fyrstu málsgreinar ber með sér ..."er ekki koma fram annars staðar á ársreikningnum".

14. **28. gr. verðbréf.**

Eðlilegt er að þetta ákvæði um mat á skuldabréfum verði tekið til sérstakrar umræðu og skoðunar. Samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastaðli IAS 26 er meginreglan sú að fjárfestingar eftirlaunasjóða eru metnar á markaðsverði.

Skuldabréf lífeyrissjóða hafa hingað til verið færð til eignar miðað við vaxtakjör sem voru í gildi þegar skuldabréf var keypt. Meirihluti skuldabréfaignar lífeyrissjóðanna er ríkisskuldabréf sem skráð eru á markaði og hafa opinbert gangvirði. Það eru bæði rök með og á móti breytingu á núverandi reglu en til greina kemur að skuldabréf sem eru skráð á markaði og með virka verðmyndun verði færð til eignar á gangverði.


15. 29. gr. verðbréf.

Þetta ákvæði þarfnast sérstakrar umræðu og endurskoðunar og þá ber sem endranær að líta til ákvæða laga um ársreikninga nr. 3/2006 auk þeirra ákvæða sem eru í lögum nr. 129/1997.

Mikilvægt er að reglurnar feli í sér skýra og afdráttarlausa heimild til að færa sjóði á innra virði (NAV, net asset value), sama á hvaða formi sjóðirnir eru reknir (slhf. eða annað form). Sem dæmi um framsetningu: „Sjóði um sameiginlega fjárfestingu ber að færa á innra virði, óháð rekstrarformi sjóðs. Upplýsingar um innra virði slíkra sjóða skulu staðfestar af endurskoðenda a.m.k. árlega.

Hér að framan eru settar fram helstu athugasemdir LL við núgildandi reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000. Því fer fjarri að þær séu hér tæmandi taldar og má nefna að huga þarf að almennri uppsetningu efnahagsreikninga lífeyrissjóða og hvort þar beri að tilgreina skuldbindingar.

Að lokum vilja LL áréttta þakklæti fyrir að fá aðkomu að þessari vinnu en áhersla er lögð á mikilvægi þess að fá að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á síðari stigum þegar grunnur verður lagður að nýjum reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri